

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 242/2024

2025/EES/9/14

frá 25. október 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1085 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um mat á aðferðafræðinni sem lögbær yfirvöld nota til að ganga úr skugga um hlítinu stofnunar við kröfurnar um að nota eigin líkön fyrir markaðsáætlu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1728 frá 6. desember 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er nánar við hvaða aðstæður skilyrði fyrir auðkenningu á hópum tengdra viðskiptavina eru uppfyllt ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 14azzp (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/397) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzq. **32024 R 1085**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1085 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um mat á aðferðafræðinni sem lögbær yfirvöld nota til að ganga úr skugga um hlítinu stofnunar við kröfurnar um að nota eigin líkön fyrir markaðsáættu (Stjtið. ESB L, 2024/1085, 17.6.2024).

14azzr. **32024 R 1728**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1728 frá 6. desember 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er nánar við hvaða aðstæður skilyrði fyrir auðkenningu á hópum tengdra viðskiptavina eru uppfyllt (Stjtið. ESB L, 2024/1728, 18.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2024/1085 og (ESB) 2024/1728, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1085, 17.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1085/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1728, 18.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1728/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður